



INTERNATIONAL SOCIETY FOR KEY WOMEN EDUCATORS  
**DELTA KAPPA GAMMA™**

# Fréttabréf

Delta Kappa Gamma

Haust 2006

---

Félag kvenna í fræðslustörfum

---

## Frá ritnefnd

Viltu gefa mér jólagjöf

Þú þarft ekki gullpappír  
eða glitrandi borða

Fylltu hjarta þitt  
friði og ástúð  
og færðu mér

Þá kvikna jólastjörnur  
í augum okkar

Við krjúpum saman við lága jötu  
horfum í augu  
á litlu barni  
og brosum.

*Þuríður Guðmundsdóttir*

Enn á ný kemur fréttablað DKG út rétt fyrir jólin. Ritnefndin vonar að félagskonur gefi sér tíma í jólaönnunum til að setjast niður og lesa það sem fréttablaðið hefur að geyma.

Í þessu blaði er bréf frá forseta landssambandsins, Ingibjörgu Einarasdóttur. Einnig eru upplýsingar um Félag áhugamanna um skólaþróun og pistill um fjölmenningu í leikskólanum Lyngholti á Reyðarfirði. Sigurborg Matthíasdóttir konrektor MH skrifar um efni MA ritgerðar sinnar sem ber yfirskriftina: *Sjálfsmat eflir fagvitund*. Einnig eru fréttir frá deildum og upplýsingar um stjórnir og nefndir Delta Kappa Gamma auk auglýsinga, s.s um afmælishátíðina og frá ritnefnd afmælisritsins. Við þökkum öllum þeim sem sendu okkur efni og gerðu fréttabréfið að því sem það er.

Við sendum félagskonum og fjölskyldum þeirra bestu óskir um gleðiríka jólahátíð og farsæld á komandi ári. Njótið aðventunnar og fyllið hjörtun af gleði og gæsku.

Auður Vilhelmsdóttir [audur@gerdaskoli.is](mailto:audur@gerdaskoli.is)

Elín Rut Ólafsdóttir [ero@fss.is](mailto:ero@fss.is)

Oddný Harðardóttir [oddny@svgardur.is](mailto:oddny@svgardur.is)



## Bréf frá landssambandsforseta Ingibjörgu Einarsdóttir

Ágætu systur í Delta Kappa Gamma

“Tíminn líður hratt á gervihnattaöld”, segir í ágætu ljóði og það getum við svo sannarlega tekið undir. Haustmánuðir hafa liðið hratt hjá og annir þeirra sem vinna að fræðslustörfum hafa fyllt hugann. Það er eimitt það sem er svo skemmtilegt og minnir oft á vertíðarstörf.

Skólastarf hefst með tilhlökkun á hverju hausti, gerðar eru áætlanir og sett markmið og svo lýkur vertíðinni þegar sól hækkar á lofti og skólahurðinni er skellt aftur og skruddan geymd til næsta hausts.

Formlegt starf í Delta Kappa Gamma á þessu hausti hófst með framkvæmdaráðsfundi í byrjun september en þar mættu allir formenn deilda og gjaldkerar. Mjög mikill hugur var í nýjum formönnum og var einstaklega áhugavert að hlusta á hugmyndir og væntingar þeirra til vetrarstarfsins. Ég hef nú þegar frétt af mörgum fundum í deildum og virðist mæting vera góð en það er einmitt forsenda góðs starfs að allir mæti og taki af fullum krafti þátt í starfinu.

Í júlí sl. var haldið alþjóðafþing DKG í San Diego og vorum við fjórar héðan af Íslandi sem sóttum þingið. Auk mín voru Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfadeild, Sigrún Jóhannesdóttir, Deltadeild og Sigríður Jónsdóttir, Gammadeild. Þingið sátu tæplega tvö þúsund konur og er óhætt að segja að þingsetan var bæði lærdómsrík og skemmtileg. Það sem helst vakti athygli mína var skipulag og

góður undirbúningur þeirra kvenna sem sitja við stórmvölinn í aðalstöðvunum. Þingið stóð í tæpa viku og má segja að það hafi verið stöðug dagskrá allan tímann og hvergi slegið slöku við. Jacklynn Cuppy, fráfaramandi forseti stýrði þinginu með festu og hlýju og enginn dagskrárliður fór mínútu fram yfir það sem ætlað var. Það sem helst kom á óvart var mótframboð í stöðu forseta en þegar uppstillingarnefnd hafði skilað af sér og borið upp listann þá kom framboð úr sal um forseta. Þetta var að sjálfsögðu mjög lýðræðislegt en að kosningu lokinni var Barbara Day, sú sem uppstillingarnefnd lagði til, kosin með miklum meirihluta. Ég vil benda félögum á að lesa haustblað News en þar er gefið stutt yfirlit yfir þingið. Þá erum við stoltar af því að Sigríður Jónsdóttir, Gammadeild hefur verið skipuð af alþjóðforsetanum í Personal Growth and Services Committee og Helga Thorlacius, Betadeild situr í European Forum Committee.

Margar nefndir eru starfandi innan samtakanna hér á landi og má þar t.d. nefna afmælisnefndina en hún hefur starfað af fullum krafti í rúmt ár og undirbýr 30 ára afmælið á næsta ári. Ákveðið hefur verið að landssambandsþingið og um leið afmælishátíðin verði í Reykholti fyrstu helgina í maí og má finna nánar um það á öðrum stað í þessu riti. Þá er fyrirhugað að gefa út afmælisrit og stendur yfir gagnaöflun í ritið og þá er rétt að geta um sögusýningu sem er einnig í undirbúningi. Formenn deilda hafa fengið allar upplýsingar frá formönnum þessara nefnda og við vonum að sem flestar félagskonur leggi sitt af mörkum til að afmælið takist vel og verði okkur öllum til sóma og gleði. Þá er unnið af fullum krafti að nýrri heimasíðu samtakanna og er einstaklega spennandi að fylgjast með þeirri vinnu.

Evrópuþingið árið 2007 verður haldið í London í byrjun ágúst. Fregnir berast nú þegar úr sumum deildum að hafin sé söfnun til að sem flestar konur geti farið saman og er það einkar ánægjulegt. Evrópuþing eru sérlega skemmtileg og þar svifa svo sannarlega einkunnarorð samtakanna yfir vötnum, vinátta, hjálpsemi

og trúmennska. Gott væri að fréttu af konum sem eru tilbúnar til að leggja fram efni í smíðjur eða flytja fyrirlestra.

Þegar þetta fréttabréf lítur dagsins ljós á ég frekar von á að aðventan sé á næsta leiti en fyrsti sunnudagur í aðventu er einmitt 3. desember. Þá kveikjum við á spádómskertinu og teljum síðan dagana til jóla. Stutt er í barnið í okkur flestum og jólafastan er einmitt sá tími sem vekur upp minningar og eftirvæntingu. Ég hvet ykkur til að njóta aðventunnar og óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Ingibjörg Einarsdóttir  
forseti landssambandsins



### Listsköpun

Í tilefni af 30 ára afmæli landssambandsins eru félagskonur hvattar til að leysa úr læðingi hæfileika sína til sköpunar. Ekki er hægt að nefna eina listgrein annarri æðri en dæmi um framlag gæti verið myndverk, ljóð, lag, smásaga, örsaga, vefnaður eða annað listhandverk.

Verkum skal skilað til Rósu Júlíusdóttur, Betadeild eigi síðar en 1. apríl 2007.

Verkin verða sýnd á þinginu í Reykholti og veittar viðurkenningar.

## Afmælisrit Delta Kappa Gamma á Íslandi

Viltu vera rithöfundur? Ertu skáld?

Á næsta ári verður haldið upp á 30 ára afmæli Landssambandsins og af því tilefni á að gefa út rit með framlagi félagskvenna.

Efnið má byggjast á ritgerðum síðustu 10 ára.

Efnið á að vera fjölbreytt en fjalla um íslenska skóla og menntakerfi í viðum skilningi.

Greinum þarf að skila í janúar 2007.

Í ritinu eiga líka að vera ljóð eða stuttar frásagnir sem komast fyrir á einni síðu.

Ef þú lumar á einhverju eða hefur tíma til að setja saman grein, ljóð eða stutta frásögn, þá hafðu samband við okkur undirritaðar.

Hlökkum til að heyra frá ykkur sem flestum.

*Takmarkið er ein grein fyrir hvert ár eða 30 greinar alls.*

f.h. ritnefndar

Kristín Bjarnadóttir, Gamma-deild [krisbj@khi.is](mailto:krisbj@khi.is)  
Sigrún Klara Hannesdóttir, Alfa-deild [sigrun@bok.hi.is](mailto:sigrun@bok.hi.is)



## Samtök áhugafólks um skólápróun

Samtök áhugafólks um skólápróun voru stofnuð á Selfossi 18. nóvember 2005. Stofnþingið sóttu um 300 manns og álika margir gerðust stofnfélagar. Þessar undirtektir voru framar vonum en undirstrika þann mikla áhuga sem virðist á skólápróunarstarfi um þessar mundir. Í félaginu eru kennarar og annað starfsfólk skóla af öllum skólastigum, stjórnendur, kennsluráðgjafar og kennaramenntunarfólk. Samtökin eru í raun opin öllum þeim sem áhuga hafa á að vinna að umbótum á menntakerfinu. Áhugi er að fá í samtökin áhugasama foreldra, sveitarstjórnarmenn og aðra þá sem hafa brennandi áhuga á markvissum skólaumbótum.

Fyrirmyndir að samtökunum eru einkum tvær. Annars vegar Samtök fámennra skóla sem starfað hafa hér á landi síðan 1989 (sjá um þessi samtök á þessari slóð: <http://www.ismennt.is/vefir/sfs/index.htm>). Hins vegar eru það bandarísku skólápróunarsamtökin ASCD, Association of Supervision and Curriculum Development (sjá um þessi samtök á vef þeirra: <http://www.ascd.org>). Þetta eru vissulega ólík samtök - en engu að síður þau sem einkum var litið til þegar unnið var að undirbúningi að stofnun Samtaka áhugafólks um skólápróun.

Meginhlutverk samtakanna er að stuðla að þróun og nýbreytni í skólum og efla samstarf og samskipti þeirra sem áhuga hafa á markvissum menntaumbótum. Að þessum markmiðum hyggjast félagsmenn vinna með því að standa fyrir málþingum um skólápróun og halda úti heimasíðu þar sem félagar geta skipst á upplýsingum og hugmyndum um allt það er varðar markmið félagsins. Þá hyggst félagið standa að útgáfu um skólápróun eftir því sem efni og aðstæður leyfa og stuðla að faglegri umræðu um skólustarf. Mikil áhersla er lögð á samskipti þvert á öll skólastig og áhugi er á að á vettvangi félagsins verði þróuð samstarfsnet um ýmis skólápróunarmál.

Ljóst er að mikill grundvöllur er fyrir samtök af þessu tagi. Um 460 manns eru nú í Samtökunum. Samtökin efndu til ráðstefnu um námsmatsaðferðir í ágúst sl. og sóttu hana á sjötta hundrað manns, og komust færri að en vildu. Á þessu þingi kynntu leik-, grunn-, framhaldsskóla- og háskólakennarar áhugaverð þróunarverkefni, m.a. ýmsar gerðir af óhefðbundnum námsmatsaðferðum og þótti ráðstefnan takast mjög vel. Síðastliðið skólaár efndu Samtökin til skólakynninga og kynntu starfsmenn eftirtalinnna skóla starfsemi sína: Leikskólinn Reynisholt í Reykjavík, Borgarholtsskóli í Reykjavík og Salaskóli í Kópavogi, en þessir skólar eru allir kunnir fyrir öflugt skólustarf og nýbreytni. Þegar þetta er ritað er ársþing Samtakanna framundan, en það verður haldið í Ingunnarskóla í Reykjavík dagana 17.-18. nóvember. Efni þingsins er Lýðræði í skólustarfi: Áhrif nemenda, foreldra og starfsfólks. Flutt verða fjölmörg áhugaverð erindi og einnig verða málstofur þar sem kynnt verða þróunarverkefni í skólum sem tengjast þema þingsins, auk umræða um ýmsar hliðar lýðræðis í skólustarfi. Þegar er hafinn undirbúningur fyrir næstu ráðstefnu sem helguð verður útikennslu, hreyfingu og leikjum af ýmsu tagi.

Samtökin halda úti vefsetrinu [www.skolathroun](http://www.skolathroun) en þar er að finna margvíslegt efni um skólápróun, s.s. kynningar á þróunarverkefnum, upplýsingar um þróunarstyrki og fréttir af áhugaverðu skólustarfi.

Í stjórn Samtakanna eru Sif Vígbórsdóttir skólustjóri Norðlingaskóla í Reykjavík og er hún formaður. Varaformaður er Guðbjörg Aðalbergsdóttir skólameistari Fjölbautaskóla Snæfellinga. Aðrir í stjórn eru Gunnur Árnadóttir deildarstjóri á Leikskólanum Garðaborg (gjaldkeri), Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaraháskóla Íslands (ritari) og Helgi Grímsson skólustjóri Sjálandsskóla (meðstjórnandi). Varamenn eru þær Helena Katrín Hjaltadóttir kennari í Salaskóla og Sigrún Sigurðardóttir skólustjóri, Leikskólanum Hofi.

Þeir sem vilja gerast félagsmenn geta snúið sér til ritara Samtakanna, Ingvars Sigurgeirssonar, en hann hefur netfangið [ingvar@khi.is](mailto:ingvar@khi.is) <<mailto:ingvar@khi.is>>.

## Við eigum bráðum afmæli!

Kæru Delta Kappa Gamma systur.

Já, senn líður að 30 ára afmæli Landssambandsins okkar og munum við halda upp á það á veglegan hátt.

Í byrjun árs 2006 skipaði stjórn landssambandsins afmælisnefnd til að undirbúa afmælið sem er á næsta ári.

Afmælisnefndina skipa **Áslaug Brynjólfsdóttir, Kristín Bjarnadóttir, Sigrún Klara Hannesdóttir, Sigrún Jóhannesdóttir og undirrituð, Sigríður Jónsdóttir**. Nefndinni var ætlað að gera tillögur um hvernig mætti minnst þessara tímamóta og leggja þær fyrir stjórn landssambandsins til samþykktar. Hér verður gerð grein fyrir því helsta sem ákveðið hefur verið:

**Afmælisþing/landssambandsþing** verður haldið í **Reykholti í Borgarfirði dagana 5.-6. maí 2007**. Þingið hefst kl. 10 laugardaginn 5. maí og lýkur eftir hádegi sunnudaginn 6. maí. Þema þingsins, ákveðið í samvinnu við menntamálanefnd, er:

**“Konur í fræðslustörfum á Íslandi í þrjátíu ár og sýn til næstu tíu ára”.**

- 1. Staðan hér á landi þegar DKG nam hér land**
- 2. Staðan í dag, þrjátíu árum síðar**
- 3. Delta Kappa Gamma á Íslandi í fortíð, nútíð og framtíð.**

Fyrirlesarar verða bæði innan og utan samtakanna.

Á þinginu verður fjölbreytt **sögusýning** deilda og landssambandsins.

Í tilefni afmælisins verður gefið út veglegt **afmælisrit** með greinum félagskvenna. **Heiðursviðurkenningar** verða veittar. Sérstök **skemmtidagskrá** verður á veislukvöldinu.



**Fosshótel Reykholt** er frátekið fyrir okkur þessa daga en þar eru um 53 tveggja manna herbergi. Aðstaðan er mjög góð, m.a. eru þar heitir pottar, notalegar setustofur og “spa” þjónusta ef óskað er. Við höfum fengið frábært tilboð sem er um 12 þús. kr. á mann miðað við eftirfarandi: Gisting í eina nótt í tveggja manna herbergi með baði ásamt morgunverði, síðdegiskaffi, tveir léttir hádegisverðir og veislukvöldverður. Einnig höfum við pantað nokkur herbergi á föstudag með morgunmat og bætast þá við fjögur þús. kr. miðað við tvær í herbergi. Kvöldverður það kvöld er á vegum hvernar konu.

**Þöntun á herbergi og greiðsla fer fram við hótelið sjálft og þarf þöntun helst að hafa borist fyrir 1. febrúar 2007 til Völu Kristinsdóttur, sölu- og kynningarfulltrúa Fosshotela í síma 562 4000, netfang: [vala@fosshotel.is](mailto:vala@fosshotel.is).**

Við bókun þarf að gefa upp kortanúmer til tryggingar, en greiðsla fer fram á hótelinu, annaðhvort með korti eða peningum.

Nánar verður sagt frá dagskrá þingsins og öðrum atburðum síðar.

Kæru Delta Kappa Gamma systur. Sýnum samstöðu og fjölmennum á hátíðina!

Fyrir hönd afmælisnefndar,  
Sigríður Jónsdóttir.





Sigurborg Matthíasdóttir, MA

## Sjálfsmat eflir fagvitund

### Áhrif sjálfsmats á viðhorf kennara í framhaldsskólum

Í ár eru tíu ár síðan ákvæði um sjálfsmat í framhaldsskólum var sett í lög hér á landi. Á þeim tíma sem liðinn er hafa allir framhaldsskólar gert áætlanir um sjálfsmat að hluta stefnumörkunar sinnar. Menntamálaráðuneytið hefur á sama tíma gert úttektir á sjálfsmatskerfum allra framhaldsskóla og ráðgerir aðra umferð úttekta á næstu árum. Þegar löggin voru sett var skólunum í sjálfsvald sett hvernig þeir færu að við þróun sjálfsmats og sjálfsmatskerfa. Ráðuneytið gaf út leiðbeiningaritíð *Sjálfsmat skóla (Sjálfsmat skóla, 1997)*. Ári eftir að löggin voru sett en þar voru einungis gefnar grófar útlínur um hvaða viðmið skólarnir þyrftu að uppfylla. Á sama tíma var einnig sett á fót matsdeild í ráðuneytinu. Skólarnir áttu hins vegar sjálfir að ákveða hvernig sjálfsmatið væri skipulagt og hvaða matsnálgun hentaði hverjum fyrir sig. Þeim var hent út í djúpu laugina og áttu sjálfir að svamla í land.

Sjálfr var ég þátttakandi í ferlinu á sínum tíma. Fyrir tíu árum var ég nýbyrjuð sem stjórnandi í framhaldsskóla en hafði í tæp tíu ár þar á undan verið við kennslu. Umræðan um gæðamat og gæðastjórnun hafði verið í gangi í nokkur ár og við kennarar vorum mishrífir af því orðfæri sem þar var notað. Okkur fannst mörgum ekki sjálfgefið að orðfæri og aðferðir viðskiptalífsins væru yfirfærð á skólana. „Hverjir voru viðskiptavinirnir?“ spurðum við og hvar átti að finna hagnaðinn? Annað í gæðaumræðunni hugnaðist okkur betur eins og hugmyndir um gæðahópa sem skoðuðu hvað hægt væri að bæta í skólastarfi. Slíkir hópar voru settir af stað í mörgum skólum til dæmis í mínum skóla þar sem einn hópur skoðaði hvernig hægt væri að bæta þjónustu bókasafns skólans og annar hvernig mætti bæta þann vísi að viðhorfskönnun meðal nemenda sem byrjað var að

vinna að í skólanum. Umræðan meðal kennara var öðrum þræði á þá leið að betra væri að þeir tækju frumkvæðið að einhvers konar mati í skólum því þá væru meiri líkur á að þeir gætu haft áhrif á framvindu mála. Margir kennarar þekktu til þeirra kerfa sem voru í notkun í öðrum löndum til dæmis á Bretlandi. Sögur af skoska kerfinu þar sem matsmenn færu milli skóla höfðu borist kennurum til eyrna og gengu tröllasögur um alvarlegar afleiðingar neikvæðrar umfjöllunar matsmanna. Aðrir kennarar og stjórnendur höfðu kynnt sér stöðu mála á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Kennarar og samtök þeirra voru því að mörgu leyti fegin að menntamálaráðuneytið ætlaði sér ekki að þröngva ákveðnu matskerfi eða nálgun upp á skólana heldur gefa þeim svigrúm til þess að skoða hvaða leið hentaði hverjum og einum. Þar að auki voru fimm ár þar til fyrsta úttektin yrði gerð. Fyrsta úttektin, sem lokið var um það bil sex árum eftir að löggin voru sett, leiddi í ljós að allir framhaldsskólar voru komnir af stað með sjálfsmatskerfi; mislangt komnir að vísu en einungis einn skóli fékk fullt hús stiga hjá ráðuneytinu. Í sumum tilfellum voru það smáatriði sem stóðu í vegi fyrir fullnægjandi árangri til dæmis formsatriði eins og að fyrsta sjálfsmatsskýrslan var ekki komin á vefinn, en í öðrum tilvikum var lengra í land. Á þeim tíu árum sem liðin eru hafa skólar safnað miklum gögnum og þar er unnið heilmikið sjálfsmat, en fólk spyr sig hvort ferlið sjálft sé orðið að sjálfstæðu skrifræði. Margir spyrja sig hvort nú sé gögnum safnað fyrir sjálfsmatsskýrslur og úttektir ráðuneytis en sjálft markmið sjálfsmatsins að bæta skólastarf sé ef til vill að falla í skuggann. Hverju breytir sjálfsmatsstarfið fyrir kennara, kjarnastarfsemi skóla, kennslu kennaranna og nám nemendanna? Hvaða áhrif finna kennararnir af starfi að sjálfsmati? Hver eru áhrif af sjálfsmati framhaldsskóla á kennara og þá um leið á skólastarf? Þessar spurningar voru kjarninn að rannsókn minni (Sigurborg Matthíasdóttir, 2006) á áhrifum sjálfsmats á starf framhaldsskólakennara og hér á eftir verður sagt stuttlega frá niðurstöðum þeirrar rannsóknar.

### *Mat á skólastarfi*

Í víðasta skilningi á hugtakinu mat er ljóst að án þess að beita því geta fírir komist í gegnum lífið. Öll þurfum við að taka fjölda ákvarðana á hverjum degi þar sem við metum aðstæður og ákveðum viðbrögð sem byggjast á óformlegu mati okkar. Þetta mat gerist ekki í tómarúmi og byggir á reynslu okkar og innsæi en ekki á skipulagðri rannsókn. Grunnskilgreining á formlegu mati hins vegar er að það sé kerfisbundin rannsókn eða ferli til þess að meta gæði, virði eða gildi einhvers eða útkomu einhvers ferlis (Patton, 1997; Sanders, 1994; Schwandt, 1997; Scriven, 1991). Nánari skilgreining bætir svo við að skilgreind séu og notuð verjanleg viðmið við matsferlið. Sú nálgun leggur áherslu á að nauðsynlegur grunnur mats sé að skilgreina vel þau viðmið sem skipta máli fyrir matið og einnig að þeir sem hagsmuna eiga að gæta varðandi útkomu matsins komi að skilgreiningunni (Fitzpatrick, 2004; Sanders, 1994).

Hver eiginlegur tilgangur mats sé er umdeilt meðal matsfræðinga. Segja má að hægt sé að skipta afstöðu þeirra gróflaga í tvennt. Á öðrum endanum, til dæmis hægra megin, eru þeir sem telja að mat eigi einungis að endurspeglar, á sem hlutlausastan hátt, gildi eða virði þess sem verið er að meta og að annað sé ekki á verkswiði matsfræðinga. Niðurstöður mats eigi svo að nýta til þess að taka upplýstar ákvarðanir. Samkvæmt þessari afstöðu beinist matið að ferlum, stofnunum eða heildum og því lýkur með lokaniðurstöðu, matið er því það sem kallað er lokamat. Á hinum endanum, þá vinstra megin, eru þeir sem telja að mat eigi að leiða til þjóðfélagslegra umbóta, gefa einstaklingum eða hópum rödd sem annars sé þaggað niður í vegna aðstöðumunar milli þeirra og sterkari hópa þjóðfélagsins. Þannig megi stuðla að valdeflingu (e. empowerment) valdaminni hópa. Matið eigi að nýtast til leiðsagnar á meðan á því stendur og er því svokallað leiðsagnarmat. Stór hópur matsfræðinga er svo einhverstaðar þarna á milli sem vill að mat nýtist til þess að styrkja ákvarðanir en einnig að það nýtist til þess að styrkja einstaklinga (House og Howe, 2000, 2003; Mark, 2001). Eins

og mat á skólastarfi hefur þróast hér á landi má ef til vill segja að stjórnvöld séu hægra megin en starfsmenn skóla, á öllum skólastigum, meira á vinstri vængnum. Hægri og vinstri er hér ekki notað í pólitískri merkingu.

### *Viðhorf framhaldsskólakennara til sjálfsmats*

Niðurstaða rannsóknar minnar er að viðhorf framhaldsskólakennara til sjálfsmats séu almennt jákvæð. Stærstur hluti kennara eða 70% telur að sjálfsmat sé farsæl leið til þess að bæta starfshætti skóla. Tveir þriðju hlutar telja að tíma sem varið er til sjálfsmats sé vel varið. Meginniðurstaðan er því að stærsti hluti kennara er jákvæður gagnvart sjálfsmati. Viðtöl við kennara gefa einnig þá mynd af kennurum að þeir séu jákvæðir gagnvart sjálfsmati og sjái marga kosti við þá áherslu sem verið hefur á sjálfsmat undanfarin ár. Margir kennarar líta á það sem tækifæri til þess að skoða, ræða um og ihuga hvað þeir eru að gera í kennslunni. Þeir telja að sjálfsmat hafi gefið faglegum umræðum og samstarfi kennara aukið vægi í daglegum störfum þeirra. Þeim finnst einnig að sjálfsmat gefi aukin tækifæri til þess að rjúfa faglega einangrun. Margir líta á ferlið sjálft sem jafnmikilvægt og niðurstöður sem fást úr könnunum eða úttektum. Þeir telja einnig að niðurstöður úr viðhorfskönnunum meðal nemenda hafi margþætt áhrif. Sum varði kennsluna beint en önnur óbeint til dæmis geti athugasemdir frá nemendum orðið til þess að aðbúnaður batni. Þetta er í samræmi við niðurstöður rannsóknar Sigurlínu Davíðsdóttur og Penelope Lisi (2004) í tveimur framhaldsskólum sem tekið hafa upp nálgun lýðræðislegs umræðumats (rökræðulýðræði).

Um 10% kennara eru neikvæð gagnvart því hvort finna megi áhrif af sjálfsmati á skólastarf og 10 – 20% kennara eru neikvæð í garð ýmissa þátta er varða sjálfsmat og áhrif þess á skólastarfið. Þetta virðist því vera um það bil sá hluti kennara sem í dag tekur neikvæða afstöðu til starfa að sjálfsmati og áhrifa þess á kennara.



Þriðji hluti kennara er svo mismunandi stór hópur sem er ekki alltaf tilbúinn til þess að taka afstöðu til þess hvort og hvernig sjálfsmat hafi áhrif. Þessi hópur er um þriðjungur þegar spurt er um jákvæð áhrif almennt en helmingur þegar spurt er út í jákvæð áhrif síðustu tvö ár. Nokkuð stór hluti kennara virðist því vera tvístígandi þegar kemur að áhrifum sjálfsmats á skólastarf. Það að kennarar séu beggja blands með ýmsa þætti sjálfsmats og að hluti þeirra taki ekki afstöðu til þess hvaða áhrif sú vinna hafi haft á þá eða skólastarfið er ef til vill að hluta skýrð með ákveðinni vantrú á breytingar sem hellast yfir þá án þess að þeir fái svo mikið að hafa áhrif á þær. Í rannsóknum og skrifum um breytingastjórnun (Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, 1998; Fitzpatrick o.fl., 2004; Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Senge o.fl., 2000) er lögð áhersla á að lykilstarfsfólk sé virkjað frá upphafi ef von á að verða til þess að breytingarnar verði varanlegar. Það kemur gjarnan fram í viðtölum og svörum við opnum spurningum að kennarar eru svolítið á varðbergi af því þeim finnst áhugi yfirvalda á sjálfsmati ef til vill sápuvísa sem muni springa eins og margar aðrar sápuvísur sem hafa komið að ofan. Þetta kemur heim og saman við niðurstöður Fullan og Hargreaves (1996) um ástæður þess hversu erfitt sé að koma á varanlegum breytingum í skólastarfi. Það er ekki nóg að koma stöðugt af stað breytingum heldur þurfi að virkja lykilstarfsmenn og gefa þeim hlutdeild í verkefnunum og er þar mikið sóknarfæri til þess að auka áhrif sjálfsmats í skólastarfi. Þrátt fyrir að margir kennarar tali um að starf að sjálfsmati sé tímafrekt og að tíminn sé aldrei nægur er samt stærsti hluti þeirra sem tekur afstöðu í rannsókninni, eða 86%, á því að sjálfsmat sé farsæl leið til þess að bæta starf skóla.

#### *Helstu áhrif sem kennarar finna af sjálfsmati*

Í rannsókninni kemur fram að sjálfsmat skóla hefur jákvæð áhrif á sjálfstraust kennara, virkar sem jákvæð staðfesting á starfsaðferðum og hvatning til þess að halda áfram á sömu braut. Vinna að sjálfsmati virðist eiga stóran þátt í því að

auka endurgjöf sem styrkir sjálfstraust einstakra kennara og kennara skólans sem heildar. Niðurstöður sjálfsmatsstarfsins virka hvetjandi, styrkjandi og gefa kennurum jákvæða endurgjöf eða staðfestingu á því sem þeir eru að gera sem fagfólk. Þeir þættir sem þarna skipta mestu máli eru að mati kennaranna sú endurgjöf sem þeir fá á starfið í kennslustofunni. Meirihluta starfsdagsins verja kennarar einir með nemendum sínum og kennslustarfinu hefur alltaf fylgt ákveðin einangrun. Margir fræðimenn telja að þetta sé eitt af því sem stendur kennurum fyrir þrifum þegar kemur að aukinni fagmennsku (Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Schmoker, 1999). Í viðtölunum kemur fram að margir kennarar eru sammála þessu og finnst erfitt að hafa oft engar aðrar upplýsingar en eigin tilfinningu fyrir því hvernig tekst til í kennslu fyrir en nemendur fá einkunn í lokin.

#### *Þátttaka í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat*

Niðurstöðurnar benda einnig til þess að þátttaka í vinnu- eða stýrihópi hafi áhrif á það hversu mikil áhrif kennurum finnst verða af sjálfsmatsvinnunni. Þeir kennarar sem taka þátt í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat eru marktækt jákvæðari gagnvart því hvort áhrif finnst af sjálfsmati en þeir sem ekki hafa tekið þátt í slíku starfi. Þeir kennarar eru einnig marktækt jákvæðari í viðhorfum til sjálfsmats. Þetta er í samræmi við rannsóknir undanfarinna áratuga. Almennt hefur þeirri skoðun vaxið fiskur um hrygg að nauðsynlegt sé að virkja lykilstarfsfólk í vinnu að mati (Fetterman, 2001; Fitzpatrick o.fl., 2004; Patton, 1997). Sú nálgun er kölluð þátttakendamiðað leiðsagnarmat og talið er að það auki líkurnar á að matið nýtist. Í mati á skólastarfi sé nauðsynlegt að kennarar eigi að taka þátt í að móta og vinna að matinu. Í þeim skólum sem tóku þátt í þessari rannsókn eru starfandi hópar sem stýra sjálfsmatsstarfinu og þar er meirihlutinn gjarnan kennarar. Í rannsókninni kemur fram að þriðjungur kennara hefur verið í vinnu- eða stýrihópi um sjálfsmat og að þeir eru upplýstari um orðræðu mats á skólastarfi og sjálfsmats almennt en þeir sem ekki höfðu starfað

í slíkum hópum. Einnig kom fram að miðlun þeirra á aðferðum og upplýsingum til kennara utan hópsins var bæði formleg og óformleg og að í stýrihópana velst gjarnan fólk sem hefur tiltrú annarra kennara. Þeim er treyst til þess að fara með þetta mál sem oft er viðkvæmt og þegar samsetning stýrihópanna breytist flyst þekking út fyrir stýrihópinn og í hóp almennra kennara. Þeir kennarar sem höfðu starfað í vinnu- eða stýrihópi flytja því jákvæð viðhorf til sjálfsmats út í hóp almennra kennara.

#### *Fagleg umræða og sjálfsmat*

Þeir kennarar sem töldu að umræða um sjálfsmat hefði haft áhrif á faglegar umræður, samstarf og kennslu telja sig finna marktækt meiri áhrif af sjálfsmati. Þeir hafa einnig jákvæðari viðhorf til sjálfsmats en aðrir kennarar. Mest jákvæð áhrif af sjálfsmatsumræðu sögðu kennarar að hefðu orðið á hversu oft þeir höfðu rætt við samkennara um kennsluáðferðir, markmið kennslu og markmið skólastarfs á síðustu sex mánuðum. Þetta eru kjarnaþættir í störfum kennara og þá um leið mikilvægir öllu skólastarfi. Kennarar telja því að umræður um sjálfsmat hafi áhrif á grundvallarþætti í faglegri umræðu þeirra. Þetta er í samræmi við niðurstöður Sigurlínu Davíðsdóttur og Penelope Lisi (2004). Í þeirri rannsókn kemur fram að kennarar virtust hafa aukið faglega umræðu í kjölfar sjálfsmatsvinnu með lýðræðislegri umræðunálgun (rökræðulýðræði). Sjálfsmatsstarf hefur því greinilega jákvæð áhrif á faglegar umræður meðal kennara. Margir sem rannsaka breytingar á kennsluháttum (Börkur Hansen og Smári S. Sigurðsson, 1998; Fullan, 2001; Fullan og Hargreaves, 1996; Senge o.fl., 2000) telja að fagleg umræða meðal kennara sé mikilvæg fyrir breytingastarf. Það að umræða um sjálfsmat hafi veruleg áhrif í þá átt að auka faglegar umræður kennara á milli um kennsluhætti og markmið er því mikilvæg niðurstaða sem þarf að nýta til bættra starfshátta.

#### *Breytt orðræða um sjálfsmat*

Í rannsókninni kemur einnig fram að umtalsverð breyting hefur orðið á þeirri orðræðu sem birtist í skólastefnu samtaka framhaldsskólakennara undanfarinn áratug. Þegar löggin um framhaldsskóla voru sett árið 1996 var hugtakið sjálfsmat kennara og skóla ekki komið í almenna notkun eða orðið viðurkennt í orðræðu framhaldsskólakennara. Síðan þá hefur orðið mikil breyting þar á og nú er sjálfsmat viðurkennt af þorra kennara sem hluti af fagmennsku þeirra. Greinilegt að kennarar höfðu áhyggjur af því að aðkoma þeirra að stefnumörkun og eignarhald á vinnu við sjálfsmat yrði ekki nægilegt. Þeir lögðu því frá upphafi áherslu á að þeir kæmu að þessari vinnu og væru kjarnastarfsfólk þegar sjálfsmat skóla væri annars vegar. Sjálfsmat er nú orðið hluti af orðræðunni um faglega vinnu kennara og faglegt skólastarf og eru kennarar orðnir öruggari með sig og telja aðkomu sína að sjálfsmati sjálfgefna. Á sama tíma hefur menntamálaráðuneytið viðurkennt aðkomu kennara í verki með því að hlutast til um að umbun fyrir sjálfsmat sé hluti af kjarasamningum þeirra. Með því er í raun verið að viðurkenna að kennarar séu lykilstarfsmenn þegar sjálfsmat skóla er annarsvegar. Sjálfsmat skóla og faglegt starf kennara er því á góðri leið með að verða viðurkenndur hluti hvort af öðru.

#### *Sjálfsmat eflir fagvitund*

Það að kennarar eru almennt jákvæðir gagnvart sjálfsmati í skólastarfi og eru margir farnir að líta á þetta sem sjálfsagðan hluta af fagmennsku sinni boðar gott fyrir skólaþróun í framhaldsskólum. Það lék í raun enginn vafi á því að kennarar hefðu skoðun og reynslu en kom ef til vill á óvart hversu mikið grasrótastarf tengt sjálfsmati er í gangi meðal kennara. Þessi jákvæðu viðhorf og starf geta gert útslagið með hvernig starf að sjálfsmati þróast á næstu árum og hversu vel það nýtist skólunum. Rannsóknir segja okkur að jákvætt viðhorf lykilstarfsmanna skólanna, kennara, sé nauðsynlegt til þess að sjálfsmat verði árangursríkt og leiði til skólaþróunar. Stjórnendur skóla og yfirvöld menntamála

eiga að ýta undir og nýta þennan meðbyr. Á þeim tíu árum sem liðin eru frá því að sjálfsmat var sett í lög um framhaldsskóla hafa kennarar safnað reynslu sem nýta má til þess að skipuleggja næstu skref. Þeir vita hvar skórinn krepur, hvað gefst vel og hvað ekki eins vel. Þeir benda á að vel unnið sjálfsmat sé tímafrekt og kalli á aukna samvinnu kennara. Margir þeirra telja grundvallaratriði þess að sjálfsmat bæti skólastarf að þeir fái tíma og aðstæður til þess að vinna að sjálfsmati í samvinnu við aðra kennara. Þetta starf þurfi að skipuleggja innan stundaskrár þeirra. Sjálfsmat eigi ekki að vera aukastarf sem unnið sé eftir vinnu heldur hluti af því að vinna faglega að námi og kennslu. Í nýjum kjarasamningi kennara sem undirritaður var síðastliðið vor var stigið mikilvægt skref í því að tengja sjálfsmatsvinnu í skólum og launaumbun til kennara. Þetta fjármagn þarf að nýta til þess að auka svigrúm kennara til starfa að sjálfsmati. Ef gert er ráð fyrir tíma í stundaskrá er möguleiki að virkja fleiri kennara og skapa meiri og faglegri umræður. Sjálfsmat þarf einnig að skipuleggja betur og verða markvissara svo það nýtist betur til þess að efla fagmennsku kennara. Niðurstaða rannsóknarinnar er að kennarar vilja fá fjölbreytta og faglega ráðgjöf, þeir vilja læra meira um hvernig gott sjálfsmat fer fram. Það þarf að rækta og hlúa að því frumkvæði sem kennarar hafa tekið og skapa þeim viðeigandi aðstæður.



## Fjölmenning í Lyngholti

Segja má að markviss vinna með fjölmenningu í Lyngholti hafi hafist vegna komu hóps af flóttamönnum til Reyðarfjarðar árið 1999. Boðið var upp á námskeið fyrir starfsfólk skólanna áður en erlendu nemendurnir komu inn. Vegna stöðugleika í starfsmannahaldi eru enn við kennslu nokkrir þeirra starfsmanna sem fengu þessa fræðslu. Með miklum breytingum sem orðið hafa á samsetningu nemendahópsins vegna sístækkandi samfélags hefur sú fræðsla sem starfsfólk fékk á þessum tíma komið sér vel og verið nýtt eftir bestu getu.

Leikskólinn hefur komið sér upp vinnureglum sem tengjast móttöku barna af erlendum uppruna, t.d. spurningarlista sem farið er í gegnum með foreldrum í fyrsta viðtali. Á þeim spurningarlista er spurt um atriði eins og hver sé trúarleg afstaða fjölskyldunnar. Einnig er spurt um sérstaka hátíðisdaga í upprunamenningu og annað slíkt sem starfsfólkinu þykir mikilvægt að vita til að geta sinnt menningu erlendu barnanna. Auk þess hefur verið komið upp gagnabanka fyrir starfsmenn með upplýsingum um fjölmenningarlega kennslu og innan leikskólans hefur verið sett saman teymi starfsmanna sem mun miðla sinni vitneskju innan skólans.

Foreldrar erlendu nemendanna hafa komið með myndir, bækur, kort og tónlist frá sínum þjóðlöndum auk þess sem þeir hafa í einhverjum tilvikum matreitt í leikskólanum. Þar að auki hanga þjóðfánar þeirra landa sem leikskólanum tengjast uppi í fataklefum. Stundaskrár hanga uppi í fataklefa á þremur tungumálum og einnig er búið að þýða hluta af námskrá leikskólans yfir á pólsku og ensku og er hún aðgengileg öllum á netinu. Í Lyngholti er unnið eftir fjölgreindakenningu Howard Gardners og er starfsmannahópurinn mjög tilbúinn að horfa á styrkleika hvers og eins og lítur á það sem ögrun að kynna menningu sem er ólík þeirri íslensku.

Leikskólinn er þátttakandi í Comeniusarverkefni sem ber heitið: Nám í gegn um íþróttir- og hefur í gegn um það verkefni verið í sambandi við fjórar erlendar þjóðir. Þau samskipti hafa verið gerð sýnileg með myndum og munum sem tengjast þessum löndum.

Leikskólinn hefur hafið vinnu þróunarverkefnis með TMT og er það tvímælalaust jákvætt í vinnu með tvítyngd börn. Einnig hafa starfsmenn af erlendu bergi brotnir og foreldrar erlendra nemenda tekið að sér móðurmálskennslu í leikskólanum.



## Á aðventu

Í skammdegismyrkri  
þá skuggar lengjast  
er skinið frá birtunni næst  
ber við himininn hæst.

Hans fótatak nálgast  
þú finnur blæinn  
af Frelsarans helgiró –  
hann veitir þér vansælum fró.

Við dyrastaf hljóður  
hann dvelur – og sjá  
þá dagar í myrkum rann  
hann erindi á við hvern mann.

Þinn hugur kyrrist  
þitt hjarta skynjar  
að hógværðin býr honum stað  
þar sest hann sjálfur að.

Og jólin verða  
í vitund þinni  
að vermandi kærleiks yl  
sem berðu böllheima til.

*Steingerður Guðmundsdóttir*

## Styrkur úr Námsstyrkjasjóði Delta Kappa Gamma á Íslandi

Stjórn landssambands Delta Kappa Gamma á Íslandi auglýsir einn styrk úr Námsstyrkjasjóði starfsárið 2006–2007. Styrkupphæð er kr. 100 þúsund og skal styrkurinn veittur félagskonu vegna vinnu við meistaraprófs- eða doktorsverkefni eða vegna verkefnis sem unnið er í sambærilegu framhaldsnámi. Umsækjandi skal sýna fram á að verkefnið sé komið vel á veg.

Þurfi að velja milli umsækjanda, sem uppfylla skilyrði skal, m.a. tekið tillit til virkni umsækjanda í samtökunum og þess hversu lengi hann hefur verið félagi.

Með umsókn þarf að fylgja stutt greinargerð, þar sem umsækjandi gerir grein fyrir námi sínu og stöðu þess, lýsir verkefninu og því hvernig hann hyggst verja styrknum.

Styrkurinn verður afhentur á landssambandsþingi í vor.

Nánari upplýsingar, reglur sjóðsins og umsóknareyðublöð má nálgast hjá formanni námsstyrkjasjóðsnefndar, Önnu Þóru Baldursdóttur í Betadeild. Sími 899 8348, netfang: [annaba@simnet.is](mailto:annaba@simnet.is) Einnig má nálgast gögnin hjá öllum formönnum deilda. **Umsóknir skulu sendar til formanns nefndarinnar Eikarlundi 10, 600 Akureyri.**

**Umsóknarfrestur er til og með 1. mars 2007**



## Alfa deild

Pema vetrarins hjá Alfa-deild er *nýjungar í menntun og kennslu*.

Á fyrsta fundi í október fjallaði Júlíus K. Björnsson forstöðumaður Námsmatsstofnunar um Pisa rannsóknina. Á nóvemberfundinum ræddi Ingibjörg B. Frimannsdóttir lektor í KHÍ um nýjungar í fjarkennslu. Jólafundur verður haldinn 2. desember og efni þess fundar verður nýjar bækur.

Fundir á vormisseri verða í janúar, febrúar og í apríl og er efni þeirra í mótun en mun áfram tengjast nýjungum í menntun og kennslu.



## Beta deild

Ný stjórn Betadeildar kom saman á fyrsta fund sinn í ágúst. Stjórnina skipa María Steingrimsdóttir formaður, Eygló Björnsdóttir varaformaður, Selma Hauksdóttir ritari, Anna Jóhannesdóttir meðstjórnandi og með stjórninni starfar Jóhanna Sigrún Þorsteinsdóttir gjaldkeri. Á fundinum fjallaði stjórnin um komandi vetrarstarf og lagði drög að starfsáætlun fyrir næstu tvö ár, í ljósi almennrar ánægju með þá ráðstöfun síðustu tvö árin.

Meginþema starfsáætlunar næstu tveggja ára er að við kynnum okkur *nýja strauma og stefnur í skólamálum*. Við munum einnig halda í hefðbundna fundi sem verið hafa ómissandi hluti af starfinu. Ætlunin er að nálgast meginþema áætlunar okkar með því að fá kynningar á nýjum menntarannsóknum og kynningu á þróunarverkefnum í leik-, grunn- og framhaldskólum. Af nógu er að taka hér á svæðinu, mörg þróunarverkefni eru í gangi á öllum skólastigum og fjölmargir eru að vinna að, eða hafa nýlokið rannsóknum á ýmsum hliðum skólastarfs.

Ákveðið var að dagskrárliðurinn „orð til umhugsunar“ hefði sömu yfirskrift og sl. vetur þar sem kynntar eru konur af félagssvæðinu sem hafa látið að sér kveða með einum eða öðrum hætti. „Tengslatrióin“ munu starfa með sama sniði og áður. Þau starfa með þeim hætti að allri deildinni er skipt upp í litla hópa (tríó), en megingilgangur þeirra er að auka tengsl milli kvenna, virkja þær og hvetja til þátttöku í fundum.

Vetrarstarfið hófst með fundi þann 26. september. Gestgjafar okkar voru Betasystur í S-Þingeyjarsýslu og ókum við Akureyrarkonur austur í Reykjavhverfi í S-Þingeyjarsýslu þar sem fundurinn var haldinn. Á leiðinni nutum við fagurra haustlita íslenskrar náttúru.

Halldóra Haraldsdóttir flutti okkur orð til umhugsunar og kynnti okkur fyrir stórbrotinni persónu Látra-Bjargar og verkum hennar. Á þessum fundi voru tveir nýir félagar teknir inn í deildina. Því næst var kynning og umræða um vetrarstarfið og afmælisár bæði deildarinnar og landssamtakanna. Afmælisárið mun setja verulegan svip á starfið í vetur og margar Betasystur munu vinna ötulum höndum að undirbúningi afmæla bæði deildar og landssambands. Á fundinum var ákveðið að hafa lokafund okkar á afmælisdegi deildarinnar 2. júní. Deildin hefur heiðrað konu á fimm og tíu ára afmælum sínum og var ákveðið að gera það einnig nú á þrjátíu ára afmæli deildarinnar.

Á októberfundi var kynning á skáldkonunni Unni Benediktsdóttur Bjarklind (Huldu), þar kom fram að henni var ýmislegt fleira til lista lagt en yrkja fögur kvæði, m.a. má nefna margvíslegar hannyrðir, en muni hennar er að finna á Safnahúsinu á Húsavík. Eftir hefðbundin fundarstörf tók gestur fundarins, Gunnar Gíslason skólafulltrúi Akureyrarbæjar, til máls og kynnti hann skólafulltrúi bæjarins sem samþykkt var sl. vor. Mjög metnaðarfull stefna sem nær til leik-, grunn- og tónlistarskóla. Yfirskrift hennar er *Skólinn okkar; þekking, leikni, virðing, vellíðan*.

Margar nýjar áherslur koma þar fram sem stuðla að því að gera góða skóla enn betri vinnustaði fyrir nemendur og starfsmenn.

Nóvemberfundurinn er jólafundur og verður haldinn í síðustu viku nóvember. Jólahefðir í ólíkum menningarsamfélögum verða meginviðfangefni þess fundar og fáum við góðan gest til að fræða okkur um jólahefðir í sínu heimalandi. Á jólafundum hefur skapast hefð fyrir sameiginlegri jólamáltíð sem stjórnin sér um.

Janúarfundurinn verður hefðbundinn bókafundur að vanda. Það hefur verið fastur liður í Betadeild að koma saman í upphafi árs og segja konur hverri annarri frá áhugaverðum bókum sem þær hafa nýlega lesið. Fjöldi bóka er kynntur og bókalisti skráður og þannig höfum við í höndum gott yfirlit um áhugaverðar bækur úr öllum flokkum bókmenntanna. Á þessum fundi reynum við yfirleitt að hafa sem minnst annað á dagskrá þannig að nægur tími gefist til umræðna.

Á fundi í mars mun Ingibjörg Auðunsdóttir kynna okkur meistaraþrófsverkefni sitt um þátttöku foreldra í skólastarfi. Það verður forvitnilegt að heyra hvernig niðurstöður úr rannsókn hennar falla að nýrri skólastefnu Akureyrarbæjar.

Í apríl verður leshringur. Í þetta sinn munum við lesa bækur eftir Arnald Indriðason og fáum við til okkar konu sem nýlokið hefur meistaraþrófi í bókmenntum þar sem sögupersónur Arnaldar voru rannsóknarefni verkefnisins.

Lokafundur okkar verður svo 2. júní eins og áður hefur komið fram. Þá munum við gera okkur dagamun í tilefni afmælis deildarinnar. Enn liggur ekki fyrir endanleg afmælisdagskrá en þegar eru komnar nokkrar hugmyndir að góðum afmælisfagnaði.

Auk þeirra viðfangsefna sem nú hafa verið talin upp höfum við, síðastliðna vetur, látið litla pyngju ganga á milli kvenna á fundum í þeim tilgangi að safna fé til styrktar stúlkum í Afríku. Í vor afhentum við UNICEF 45 þúsund krónur frá Betadeild í þessum tilgangi. Sami háttur verður hafður á í vetur og væntum við þess að söfnunin skili góðum árangri að vori. Ennfremur höfum við ákveðna fjáröflun á hverjum fundi í formi happdrættis. Við söfnum í okkar eigin sjóð, m.a. til styrktar Betasystrum á hin ýmsu þing samtakanna. Á fyrsta fundi haustsins var ákveðið að í vetur greiddum við aukaframlag til deildarinnar að upphæð 1000 kr. vegna þess hversu mikið er framundan á afmælisárinu.

Að lokum er gaman að segja frá því að mjög góð mæting hefur verið á fundi og óhætt að segja að konur í Betadeild séu virkar og tilbúnar að vinna að verkefnum samtakanna. Áhersla er lögð á að virkja allar konur með einum eða öðrum hætti í vetrarstarfinu en auk þess á deildin fulltrúa í landssambandinu og einnig í alþjóðasamtökunum.

Ágætu félagar í Delta Kappa Gamma, við í Betadeild óskum ykkur farsældar á komandi vetri.



## Delta deild

1. fundur: Haldinn í Borgarnesi **17. september**.  
Efni: Dagskrá vetrarins  
Landnámssetur skoðað  
Farið á sýninguna Mr. Skallagrímsson
2. fundur: Heimsókn í Gljúfrastein **2. nóvember**. Síðan farið í Listasal Mosfellsbæjar þar sem prófessor Jesse Byock segir frá fornleifauppgrefti að Hrisbrú.

3. fundur: Haldinn í Reykholti **2. desember**.  
Efni: Inntaka nýrra félaga  
Aðventutónleikar
4. fundur: Haldinn á Akranesi í **janúar/ febrúar**.  
Efni: Jólabækurnar  
Kynning á mismunandi áherslum í  
starfi leikskólanna á Akranesi.
5. fundur: Haldinn e.t.v. í Reykjavík eða Akranesi í **mars**.  
Efni: Kynning á réttarkerfinu- Hver má ákæra?  
Fá gest á fundinn – e.t.v. sýslumann/ lögfræðing

*Afmælisping í Reykholti 5. – 6. maí*  
*Efni: 30 ára afmæli DKG á Íslandi.*  
*Bráðlega kemur út dagskrá þingsins.*

6. fundur: Haldinn á Snæfellsnesi eða Dölum eða enn öðrum stað í **maí/júní**  
Efni: Aðalfundur og e.t.v. fleira.



### Epsilon deild

Fyrsti fundurinn var laugardaginn **30. september** á Kaffi Krús á Selfossi. Þar fræddumst við um þróunarverkefnið Vallaskólaleiðin, sem er einstaklingsmiðað nám í íslensku á unglingsstigi.

Jólafundur verður laugardaginn **25. nóvember** í Rauða húsinu á Eyrarbakka. Fyrst heimsækjum við Húsið, sem hýsir byggðasafn Árnésinga.

Fundir verða haldnir **13. janúar, 20. febrúar og 12. apríl**. Fundarstaðir óákveðnir.

### Eta deild

**2. október:** Fundur haldinn á Litlu Brekku þar sem Berglind Ásgeirsdóttir, kynnti OECD-skýrsluna.

**4. nóvember:** Borgarrölt með Birnu Þórðar.

**5. desember:** Jólafundur haldinn í húsnæði KHÍ.

**5. febrúar:** Ljóðakvöld. Þórður Helgason kennir ljóðagerð.

**28. mars:** Hljóm II – Ingibjörg Símonardóttir.

**5. – 6. maí:** Afmælissfundur DKG í Reykholti.

**6. júní:** Haldið uppá 10 ára afmæli ETA-deildar.



### Gamma deild

Fyrsti fundur vetrarins var **21. september**

Farið var í heimsókn í Landnámsbæinn í Aðalstrætinu og síðan var stefnumótunarvinna undir stjórn Bjargar Eiríksdóttur.

**18. október:** Valdefling fólks með þroskahömlun. Staður: Ás vinnustofa, Brautarholti.

**21. nóvember:** Heimsókn í Ingunnarskóla í Rvk.

**11. desember:** Jólafundur, haldinn í heimahúsi.

Fundartímar vorannar eru **25. janúar, 28. febrúar, 27. mars, 25. apríl** og afmælissfundur Gammadeildar **5. júní** í sumarhúsi IE.

## Jóta deild

Efni funda á haustönn:

**25. september:** Efni fundarins var fjölmening og var fundurinn haldinn í leikskólanum.

**30. október:** Efni fundarins var umræður um deildina, mætingar og fleira.

**27. nóvember:** Efni fundarins var fjölmening og fundarstaður

Fjölmeningarsetrið.

Efni funda á vorönn:

**29. janúar:** Bókafundur, kynning á jólabókunum. Fundurinn verður í heimahúsi.

**26. febrúar:** Efni fundarins verður tónlist í grunnskólum. Fundurinn verður í grunnskóla

**26. mars:** Efni fundarins verður menning og listir í grunnskólum. Fundurinn verður haldinn í grunnskóla.

**5. – 6. maí:** Afmælisfundur. Fundurinn verður haldinn í Reykholti í Borgarfirði Síðustu helgina í maí eða þá fyrstu í júní hittumst við og skemmtum okkur saman!!



## Þeta deild

**16. október** var fundur haldinn í Njarðvíkurskóla. Oddný Harðardóttir, fyrrverandi aðstoðarskólameistari og skólameistari við Fjölbautaskóla Suðurnesja sagði frá starfi sínu sem bæjarstjóri í Garði.

**21. nóvember** var kynning á jarðfræði svæðisins en hún er af mörgum talin ein sú merkilegasta hérlendis. Jólahlaðborð.

**Janúar:** Bókafundur, kynning á nýútkomnum bókum. Hver kona kemur með eina bók og kynnir í örstuttu máli hvað það var við bókina sem heillaði hana.

**Mars:** Kynning á miðstöð Símenntunar á Suðurnesjum.

**Apríl:** Ferð til Reykjavíkur í Alþjóðahúsið og kvöldverður.





## Stjórnir deilda 2006-2008

### Alfateild

Erna Árnadóttir, formaður [erna.arnadottir@mrn.stjr.is](mailto:erna.arnadottir@mrn.stjr.is)  
Vífilsögðu 1, 105 Reykjavík  
Ingibjörg Frimannsdóttir, varaformaður  
María Solveig Héðinsdóttir, ritari  
Þuríður J. Kristjánsdóttir, meðstjórnandi  
Þorbjörg Kristinsdóttir

### Betateild

María Steingrimsdóttir, formaður [maria@unak.is](mailto:maria@unak.is)  
Vallargerði 4, 600 Akureyri  
Eygló Björnsdóttir, varaformaður  
Selma Hauksdóttir, ritari  
Anna Jóhannesdóttir, meðstjórnandi  
Jóhanna S. Þorsteinsdóttir, gjaldkeri

### Gammadeilda

Ingibjörg Jónasdóttir, formaður [ij@kbbanki.is](mailto:ij@kbbanki.is)  
Stapaseli 12, 109 Reykjavík  
Hrefna Þórarinsdóttir, varaformaður  
Björg Eiríksdóttir, ritari  
Vilborg Dagbjartsdóttir, meðstjórnandi  
Árný Elíasdóttir, gjaldkeri

### Deltateild

Sigurveig Sigurðardóttir, formaður [sigurveigs@grundaskoli.is](mailto:sigurveigs@grundaskoli.is)  
Einigrund 25, 300 Akranes  
Ingibjörg Adda Konráðsdóttir, varaform.  
Elísabet Jóhannesdóttir, 2. varaform.  
Brynja Helgadóttir, ritari  
Jensína Valdimarsdóttir, gjaldkeri

### Etateild

Guðrún Hrefna Guðmundsdóttir, formaður [talnatok@talnatok.is](mailto:talnatok@talnatok.is)  
Baughúsum 37, 112 Reykjavík  
Auður Torfadóttir, ritari  
Ingibjörg Símonardóttir, meðstjórnandi  
Ásta Lárusdóttir, gjaldkeri

### Petateild

Þórunn Friðriksdóttir, formaður [thorunn@fss.is](mailto:thorunn@fss.is)  
Nónvarða 8, 230 Reykjanesbær  
Guðríður Helgadóttir  
Bjarnfríður Jónsdóttir  
G.Lára Guðmundsdóttir  
Guðbjörg Sveinsdóttir, gjaldkeri

### Zetateild

Helga Guðmundsdóttir, formaður [helga@egilsstadir.is](mailto:helga@egilsstadir.is)  
Gilsárteigi 2, 701 Egilsstaðir  
Ólöf Ragnarsdóttir, varaformaður  
Halldóra Baldursdóttir, ritari  
Halla Höskuldsdóttir, meðstjórnandi  
Ólöf Guðmundsdóttir, gjaldkeri

### Epsilondeild

Kolbrún Guðnadóttir, formaður [kollagud@simnet.is](mailto:kollagud@simnet.is)  
Dverghólum 15, 800 Selfoss  
Ester Hjartardóttir, varaformaður  
Pálína Snorradóttir, ritari  
Guðrún Þórunna Jónsdóttir, gjaldkeri

### Jótateild

Steinunn Guðmundsdóttir, formaður [steigud@ismennt.is](mailto:steigud@ismennt.is)  
Vitastíg 18, 415 Bolungarvík  
Edda Björg Kristmundsdóttir, varaformaður  
Guðrún Á. Stefánsdóttir, ritari  
Guðríður Sigurðardóttir, meðstjórnandi  
Jóhanna Ásgeirsdóttir, gjaldkeri



**Stjórn og nefndir Landssambands Delta Kappa Gamma  
2005-2007**

**Stjórn**

Ingibjörg Einarasdóttir	Gammadeild	forseti
Eyrún Gísladóttir	Etadeild	1. varaforseti
Anna Þóra Baldursdóttir	Betadeild	2. varaforseti
Helga Thorlacius	Betadeild	ritari
Bergþóra Gísladóttir	Deltadeild	meðstjórnandi
Sjöfn Sigurbjörnsdóttir	Alfadeild	lögsögumaður
Guðbjörg M. Sveinsdóttir	Betadeild	gjaldkeri

**Fjárhagsnefnd**

Elínborg Sigurðardóttir	Betadeild	formaður
María Steingrimsdóttir	Betadeild	
Þrúður Kristjánsdóttir	Deltadeild	

**Uppstillingarnefnd**

Magnea Ingólfssdóttir	Etadeild	formaður
Fanný Gunnarsdóttir	Alfadeild	
Jóhanna Karlsdóttir	Deltadeild	

**Skoðun reikninga**

Ingibjörg Jónasdóttir	Gammadeild	
Linda Rós Michaelsdóttir	Alfadeild	
Vilborg Jóhannsdóttir	Etadeild	

**Laganefnd**

Sigríður Guttormsdóttir	Epsilondeild	formaður
Helga Gunnarsdóttir	Deltadeild	
Marta Guðjónsdóttir	Alfadeild	

**Félaga- og útbreiðslunefnd**

Stefanía Arnórsdóttir	Gammadeild	formaður
Bryndís Guðmundsdóttir	Etadeild	
Ragnheiður Stefánsdóttir	Betadeild	

**Útgáfunefnd**

Auður Vilhelmsdóttir	Betadeild	
Oddný G. Harðardóttir	Betadeild	
Elín Rut Ólafsdóttir	Betadeild	

**Námsstyrkjanefnd**

Anna Þóra Baldursdóttir	Betadeild	formaður
Sigrún Magnúsdóttir	Betadeild	
Steinunn Guðmundsdóttir	Jótadeild	

**Menntamálanefnd**

Kristrún Ísaksdóttir	Gammadeild	formaður
Vera Valgarðsdóttir	Epsilondeild	
Erna S. Ingvarsdóttir	Epsilondeild	

**Afmælisnefnd 30 ára afmæli landssambandsins 2007**

Áslaug Brynjólfsdóttir	Alfadeild	
Kristín Bjarnadóttir	Gammadeild	
Sigríður Jónsdóttir	Gammadeild	
Sigrún Klara Hannesdóttir	Alfadeild	
Sigrún Jóhannsdóttir	Deltadeild	

### Markmið Delta Kappa Gamma samtakanna eru:

- Að efla tengsl kvenna sem vinna að fræðslustörfum víðs vegar í heiminum.
- Að heiðra konur sem standa eða hafa staðið framarlega á sviði menntamála eða eru að vinna markverð störf í þágu þeirra.
- Að efla starfsáhuga og stöðu kvenna í fræðslustörfum.
- Að stuðla að æskilegri lagasetningu og styðja framgang hvers konar viðleitni til hagsbóta fyrir menntamál almennt og konur í fræðslustörfum.
- Að veita konum, sem skara fram úr í menntamálum, styrki til framhaldsnáms í háskóla og styrkja konur í öðrum löndum sem vinna að fræðslustörfum.
- Að efla persónulegan og faglegan þroska félagskvenna og hvetja þær til virkni.
- Að fræða félagi um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnmálum og menntamálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna.

